

## Kristnitakan árið 1000 Kennsluverkefni

Markmið:	Að nemendur þekki aðalatriðin í sögu kristnitökunnar og skilji sambandið við landnám Íslands.
Aldur:	Miðstig
Gögn:	Sjálfstæði Íslendinga 1. 4. kafli. Stór garbhnykill.
Kennsluleiðir:	Kyrrmyndir, spuni, skrifað í hlutverki, kennari í hlutverki, paravinna, fundur, kastljós, örlagavefur.
Námsmat:	Sjálfsmat og jafningjamat.

### Upprifjun/kveikja

Byrjað á stuttri upprifjun á landnáminu og landnámsmönnum til að tengja sama landnámið og kristnitökuna.

- a) Landnámsmenn.

Hvaðan komu landnámsmennirnir?

Hvernig komu þeir?

Hvað stofnuðu þeir hér á landi og hvar?

- b) Trúarbrögð (ásatru/kristnitru)

Rifja upp hvað nemendur vita um trú landnámsmannanna. Hvers vegna voru sumir kristnir?

### Kyrrmyndir/spuni:

Kennari les Þrymskviðu.

Nemendum er skipt niður í hópa:

- gerir senu þar sem Þór er að vakna og finnur Loka, saman fara þeir til Freyju til að fá lánað fjaðurham. Þór og Loki hitta Þrym.
- gerir senu þar sem allir æsir og ásynjur reyna að finna lausn á vandanum. Rökræðið hvað er best að gera.
- för þeirra niður í jötunheima ásamt brúðkaupinu

Umræður:

Hvað er ásatrú? Hvaða siðir tengdust heiðinni trú? Nefnið nokkur dæmi. Hver eru goðin? Nefnið nokkur dæmi.

Spuni um Ólaf Tryggvason og Þangbrand

Kennari les bls. 23 í Sjálfstæði Íslendinga.

- a. Nemendur búa til stuttar senur um Ólaf Tryggvason og fyrirmæli hans til Þangbrands.
- a. Þangbrandur að reyna að kristna Íslendinga.
- a. Samskipti Þangbrands og Steinunnar.
- a. Af hverju og hvernig Þangbrandur drap nokkra Íslendinga
- a. Þangbrand og Noregskonung þegar Þangbrandur kemur aftur út.
- a. Hvernig Gissur og Hjalti komu til konungs.

Viðtöl: (Nemendur skipta vinna í pörum)

A er heiðinn

B er kristinn

Ræðið af hverju annað er betra en hitt.

Skiptið síðan um hlutverk.

Kennari í hlutverki:/skrifað í hlutverki:

Kennari byrjar á að skipta nemendunum í nokkra hópa. Hóparnir mynda fjölskyldu, vinnumenn og vinnukonur, börn og gamalmenni. Hóparnir verða að ákveða hvar þau eiga heima og hver er hvað.

“Það hefur verið ákveðið að allir sem eru hér fari til þings á Þingvöllum þetta árið, nú verðið þið að ákveða hvað þið ætlið að taka með ykkur, hvað leið er best að fara, hvernig þið komist á Þingvelli, hverjir verða eftir.“

Nemendur í hópunum lesa síðan upp listann sem þau hafa gert og kynna sig.

*Dæmi: Frá Geitadal: Tunnu með mat, ábreiður, öl, marga hesta, tjald, aukaföt, vopn, korn, tunnu af vatni, egg o.fl.*

### Hlutverkjaleikur:

Allir hóparnir eru staddir heima hjá sér kvöldið fyrir brottför.

Kennari: “Þið eruð öll tilbúin til fararinnar. Þið vitið að þetta getur orðið átakning vegna ósættis milli heiðinna manna og kristinna. Ég bið menn um að velta því fyrir sér hverju þið haldið að þið megið geta átt von á og hvernig ykkur líður við þessar aðstæður”. Kennari gengur á milli og spyr: “Hverju áttu von á?”

### Kennari í hlutverki:

*Á Alþingi:*

Kennari les afganginn af textanum á bls. 23.

Hópunum er skipt eftir trú. Í öðrum hópnum eru kristnir, í hinum heiðnir.

Kennari: “Ákveðið hefur verið að hvor flokkur fyrir sig fái einn lögsögumann til að segja upp lögum sínum. Get ég fengið Þorgeir Ljósveitningagoða hingað til mín, og frá kristnum mönnum Hall á Síðu.”

### Kastljósið:

Sá sem leikur Þorgeir situr fyrir svörum. Hallur, á öðrum stól, situr líka fyrir svörum.

### Leikrit:

Kristnitakan

Þrymskviða

### Örlagavefur:

Allir standa í hring. Kennari byrjar á að henda stórum hnykli yfir hringinn og segir um leið eina setningu sem tengist kristnitökunni. Nemendur gera slíkt hið sama, kasta á milli. Nemendur verða að gæta þess að missa ekki tókin á bandinu. Þegar allir eru búnir er vefurinn lagður varlega niður og nemendur skrifa á litla miða hugsanir sínar um kristnitökuna og setja miðana í hólfin á vefnum. Allir ganga í hring og lesa.



Umræður:

Rætt um hvort tengja megi þennan atburð við eitthvað sem er að gerast í heiminum í dag? Hversu mikið eiga trúarbrögð að ráða í lífi okkar. Af hverju urðum við kristin og af hverju gáfu heiðnir menn eftir?